

frá viðkomandi aðila, árituð af utanríkisráðuneytinu, um kaup á tilgreindu magni án greiðslu tóbaksgjalds.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Stofn til virðisaukaskatts.

Tóbaksgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem tóbakið er flutt inn eða framleitt hér á landi.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, öðlast gildi 17. janúar 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

REGLUGERÐ

um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473, (1994).
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 1. árgangur, 17. desember 1994, bls. 39-41.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 45, 3. árgangur, 3. október 1996, bls. 60-62.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1492/96, frá 26. júlí 1996, um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 42, 5. árgangur, 15. október 1998, bls. 40-71.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/97, frá 27. júní 1997, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 30, 6. árgangur, 8. júlí 1999, bls. 100-126.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2247/98, frá 13. október 1998, um

- breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-
viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 7. árgangur, 9. nóvember 2000, bls. 34-74.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 300/2002, frá 1. febrúar 2002, um
breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92, sem birt er í EES-
viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 57, 10. árgangur, 8. nóvember 2003, bls. 169-
232.

2. gr.

Með brot gegn framantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988
um eiturefni og hættuleg efni nema þyngrri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Reglugerð þessi er birt samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og
hættuleg efni, með síðari breytingum. og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr
gildi auglýsing nr. 940/2000.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2004-2007.

1. gr.

Markmið o.fl.

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru
samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim
tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjarrækt og möguleikar á
annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember
2001.

2. gr.

Heildargreiðslur.

Heimilt er að verja allt að 38,5 milljónum króna á ári 2004-2007 til greiðslna samkvæmt
1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við
grunnvísitölu í desember 2004, 239 stig.

3. gr.

Sauðfjársvæði.

Svæði sem eru háð sauðfjarrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun
samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfar-
andi sveitarfélög: